



Jöklafréttastofnun Íslands

Fréttabréf

Nr. 13

Apríl 1986

FÉLAGSFUNDUR

Félagsfundur verður haldinn að Hótel Hofi,
Rauðararstíg þriðjudaginn 15. apríl 1986,
kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Oddur Sigurðsson sýnir myndir teknar úr lofti af jöklum og af hálandinu.
2. Kaffidrykkja og umræða um félagsstarfið.
3. Samandregnar niðurstöður umræðuhópa.

AD AFLOKNUM ADALFUNDI

Aðalfundur félagsins var haldinn 25. febrúar 1986. Auk venjulegra aðalfundarstarfa voru þar samþykkt að nokkru breytt en verulega aukin lög. Í lögunum er það tekið fram að í fyrsta fréttabréfi eftir aðalfund skuli birt skipun stjórnar og nefnda. Hér á eftir fylgja lög félagsins eins og þau voru samþykkt á aðalfundi svo og skipan stjórnar og nefnda næsta starfsár. Helstu þættir í starfseminni hafa verið útgáfa Jökuls, rannsóknir, ferðir og fræðslufundir. Til þess að fá fram hugmyndir félagsmanna og umræður um starfsemina hefur stjórnin ákveðið að nota félagsfundinn 15. apríl að hluta til til þess að ræða málefni félagsins.

LÖG JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGS ÍSLANDS

1. Félagið heitir Jöklarannsóknafélag Íslands (Iceland Glaciological Society), skammstafað JÖRFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. Markmið félagsins er að stuðla að rannsóknum og ferðalögum á jöklum landsins, gefa út tímaritið Jökul, ásamt fréttabréfi og gangast fyrir fræðandi fyrirlesturum og myndasýningum.
3. Félagar geta allir þeir orðið, er áhuga hafa á rannsóknum á jöklum og jöklaferðum.
4. Stjórn félagsins skipa 5 aðalmenn og 4 til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til þriggja ára í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára í senn og ganga tveir þeirra úr stjórn ár hvert, en endurkjör er heimilt. Sama gildir um varamenn. Kosnir skulu tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Stjórn skal kosin skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa á. Stjórnin skiptir með sér verkum.
5. Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á tímabilinu frá 1. september til 31. maí og ennfremur ef þrír aðalstjórnarmenn æskja þess. Varamenn skal að jafnaði boða á stjórnarfundum. Stjórnarfundur er löglegur ef þrír aðalmenn sitja hann, enda hafi allir aðalmenn verið boðaðir. Á lögmætum stjórnarfundum ræður afl atkvæða um þær ákvarðanir sem teknar eru. Falli atkvæði jafnt skal atkvæði formanns ráða.
6. Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal aðalfundur haldinn í Reykjavík fyrir 1. mars ár hvert. Skal hann boðaður með dagskrá í fréttabréfi sem póstlagt skal að minnsta kosti 10 dögum fyrir aðalfund og er hann þá lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Dagskrá aðalfundar er sem hér segir:
 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
 2. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
 3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
 4. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
 5. Kosning stjórnar samkvæmt 4. gr. laga.
 6. Kosning endurskoðenda.
 7. Önnur mál.
7. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar og skulu þær birtar í aðalfundarboði.

8. Félagsgjöld ákveður stjórn félagsins og er tímaritið Jökull innifalið í þeim. Fjölskyldufélagar greiða lægri árgjöld og er tímaritið Jökull ekki innifalið í þeim.
9. Stjórnin skipar, að loknum aðalfundi, í fjórar aðalnefndir og setur þeim erindisbréf. Þær eru:
 1. Rannsóknarnefnd.
 2. Ritnefnd Jökuls.
 3. Skála og birgðanefnd.
 4. Bilanefnd.
 Skal þess að jafnaði gætt að skipa formenn þessara nefnda úr hópi aðal eða varastjórnarmanna. Skipan stjórnar og nefnda skal birt í fyrsta fréttabréfi að loknun aðalfundi.
10. Aðalfundur hefur aðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema hvað varðar gr. 12 og 14.
11. Enginn getur falið öðrum að fara með atkvæði sitt á aðalfundi.
12. Eigi má breyta eignaraðild félagsins að fasteignum eða tímaritinu Jökli nema með samþykki aðalfundar og þá aðeins að 2/3 hlutar greiddra atkvæða falli í þá átt.
13. Eigi má slíta félaginu, nema það verði samþykkt á tveimur lögmatum fundum í félaginu, sem haldnir eru með minnst mánaðar millibili. Skulu þeir boðaðir á sama hátt og aðalfundur og fundarefni skýrt tekið fram í fundarboði. Verði félaginu slitið skulu skjöl þess og aðrar eignir renna til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, þeirrar deildar hennar sem fæst við jökларannsóknir.
14. Einungis aðalfundur getur breytt lögum þessum og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða.

FLUGMYNDIR AF JÖKLUM

Á fundinum 15. apríl mun Oddur Sigurðsson jarðfræðingur sýna myndir af jöklum og af hálendinu teknar úr flugi. Oddur hefur tekið mikið af þrívíddarmyndum. Verður reynt að sýna nokkrar þannig myndir auk venjulegra litskygna.

UM RITNEFND

Á síðasta hausti ákváðu báðir aðalritstjórar Jökuls þeir Helgi Björnsson og Leo Kristjánsson að hætta, enda báðir búnir að sinna þessu starfi í mörg ár. Í samvinnu við Jarðfræðafélagið var ákveðið að reyna nýja skipan mála á ritstjórn, þ.e. að hafa einn ritstjóra og sex ritnefndarmenn. Félst Ólafur Flovenz jarðeðlisfræðingur á Orkustofnun á að taka að sér ritstjórn en hvort félag um sig skipar þrjá ritnefndarmenn. Öllu efni skal koma til Ólafs en Magnús Hallgrímsson hefur sem fyrr umsjón með efni um félagsmál og ferðir. Komið er nægilegt efni í næsta hefti, en er þó innlent efni af skornum skammti, og verður það eflaust í minna lagi. Þeir sem lúra á ferðasögum eða öðru slíku efni eru hvattir til að koma því til ritnefndar. Efni fyrir heftið '87 þarf að berast eigi síðar en í nóvember 1986.

SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var þá jafnframt dregið um röð varastjórnarmanna. Stjórnin er þannig skipuð:

Aðalstjórn:

Sveinbjörn Björnsson formaður, kosinn 1986 til þriggja ára.
Helgi Björnsson varaformaður, kosinn 1985 til tveggja ára.
Einar Gunnlaugsson ritari, kosinn 1985 til tveggja ára.
Jón E. Ísdal gjaldkeri, kosinn 1986 til tveggja ára.
Stefán Bjarnason meðstjórnandi, kosinn 1986 til tveggja ára.

Varastjórn:

Jón Sveinsson fyrsti varamaður, kosinn 1986 til tveggja ára.
Pétur Þorleifsson annar varamaður, kosinn 1986 til tveggja ára.
Ástvaldur Guðmundsson þriðji varamaður, kosinn 1985 til tveggja ára.
Björn Indriðason fjórði varamaður, kosinn 1985 til tveggja ára.

Nefndir:

Rannsóknanevnd: Helgi Björnsson formaður, Ari T Guðmundsson, Jón Sveinsson, Magnús Hallgrímsson, Magnús Már Magnússon, Sigurjón Rist, Tómas Jóhannesson.

Skála- og birgðanevnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal, Pétur Þorleifsson.

Bílanefnd: Gunnar Guðmundsson formaður, Bárður Harðarson, Björn Indriðason, Eiríkur Gunnarsson, Guttormur Þórarinsson, Magnús Eyjólfsson, Ólafur Nielsen,

Ritnefnd: Ólafur Flovenz ritstjóri. Af hálfu JÖRFI eru Helgi Björnsson, Magnús Hallgrímsson og Tómas Jóhannesson í ritnefnd, en af hálfu Jarðfræðafélagsins eru Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson og Leo Kristjánsson.

GJÖRFI

Næstu göngudagar eru 12/4, 26/4, 10/5 mæting við Nesti Ártúnshöfða kl 13:00.